

Alþingi
Erindi nr. P 139/1545
komudagur 1. 3. 2011

Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hraunholtum, 28. febrúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 61/2006 um lax og silungsveiði á 139. löggjafarþingi, þskj. 219 – 202. mál .

Undirritaðir landeigendur að Haffjarðará í fyrrum Kolbeinstaðahreppi og Eyja og Miklaholtshreppi vilja með umsögn þessari leggja áherslu á mikilvægi þess að innlausn veiðiréttar verði framlengdur.

Á fyrrihluta áttunda áratugarins var farið í þá vegferð að innleysa veiðirétt Haffjarðarár aftur til þeirra jarða er standa að ánni. Eftir gríðarlega mikla vinnu, fyrirhöfn og fjárútlát endaði sá málalíbúnaður árið 1979 vegna tæknivillu eða vandræðagangs þáverandi landbúnaðarráðherra. Menn treystu sér ekki á þeim tíma til að halda málinu áfram. Nú hefur hinsvegar orðið mikli breyting og nýjar kynslóðir hafa tekið við búsförum á þessu svæði.

Þó svo að þessi innlausnarréttur hafi verið fyrir hendi síðan 1930 þá telja undirrituð mikilvægt að áfram verði mögulegt að innleysa veiðirétt.

Ljóst má vera að stefna löggjafans er skýr hvað þetta varðar, þ.e. að veiðiréttur sé órjúfanlegur hluti fasteignar, samanber 9 grein:

9. gr. Aðskilnaður veiðiréttur frá fasteign.

Ekki má skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá fasteign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma...

Áhugi er hjá landeigendum við Haffjarðará að skoða að nýju möguleika sína til að nýta innlausnarréttinn.

Undirrituð taka því heilshugar undir framlagðar breytingartillögum um að gildistími innlausnarréttarins verði framlengdur um fimm ár, þ.e. til 30. júní 2016.

Virðingarfyllst:

Fyrir Hraunholt: *Sigurður Helgason, forsvarsmaður. S: 894-6679 , sig-th@simnet.is*

Fyrir Oddastaði: *Hallgrímur Sverrisson , Óskar Sverrisson*

Fyrir Rauðamel ehf.: *Björgvin Ölversson , Sigrún Ólafsdóttir, Albert Guðmundsson, Gestur Úlfarsson*

Fyrir Kolviðarnes: *Jón Oddsson*

Fyrir Hrossholt: *Einar Ólafsson*